

Nd.

74. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breytingu á lögræðislögum, nr. 68/1984.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson,
Málmfríður Sigurðardóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný mgr. sem hljóði svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytis, sbr. 17. gr., skal fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a-, c-, d- og e-liða fyrri mgr. 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.

2. gr.

17. gr. laganna hljóði svo:

Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfar trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa lögmaður, sem er formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt er trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi tilnefndur af samtökum um málefni geðsjúkra.

Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni er þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkvæmt 13. gr. Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Nefndin setur sér vinnureglur sem samþykktar eru af ráðherra.

3. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna hljóði svo:

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.–17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., er hljóði svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins skal veita þeim, sem vistaður er á sjúkrahúsi, sbr. 14.–17. gr., gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

„Á 106. löggjafarþingi voru samþykkt lögræðislög, nr. 68/1984, eftir mjög svo sögulega meðferð á Alþingi, sem hér skal rakin í stuttu máli.

Frumvarp til lögræðislaga var borið fram í efri deild og allsherjarnefnd efri deildar samþykkti að leggja til að það yrði afgreitt frá deildinni óbreytt. Var það og gert. Frumvarpið kom þá til neðri deildar og til umfjöllunar í allsherjarnefnd. Á fund nefndarinnar komu formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frumvarpið hafði samið,

svo og ritari þeirrar nefndar, en bent var á að önnur stjórnskipuð nefnd væri einnig að ljúka störfum, þ.e. nefnd er gera átti tillögur um úrbætur í geðheilbrigðismálum. Þótti rétt að óska eftir að sú nefnd kæmi til fundar við allsherjarnefnd þar eð nokkur ágreiningur var þar um viðkvæm atriði í frumvarpinu, þ.e. ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi gegn vilja sínum og sjálfræðis-, fjárræðis- og lögræðissviptingu. Ingvar Kristjánsson geðlæknir og formaður nefndarinnar um úrbætur í geðheilbrigðismálum og nokkrir meðnefndarmenn hans komu og lögðu fram breytingartillögur þær er hér liggja fyrir. Allsherjarnefnd féllst á breytingartillögurnar og neðri deild einnig.

Frumvarpið fór því aftur til efri deildar sem hafnaði breytingartillögum neðri deildar og samþykkti frumvarpið enn eins og það var lagt fram í upphafi. Einn þingmaður, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, lagði til að það yrði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Enn kom því frumvarpið til neðri deildar. Mjög var þá tekið að líða á þingtímann og vinnuálag á þingheimi mikið. Boðað var til fundar í allsherjarnefnd deildarinnar enn á ný, en áður en sá fundur yrði haldinn kom málið á dagskrá og var afgreitt sem lög frá Alþingi án þess að nefndin fengi um það að fjalla. Í umræðum um þingsköp var bent á að nefndin ætti eftir að fjalla um frumvarpið. Varð nokkur umræða um þessa afgreiðslu og voru margir þingmenn sammála um að hér hefðu orðið mistök. Bæði forsætisráðherra og forseti neðri deildar hörmuðu mistökin, en ekki þótti gerlegt að ógilda afgreiðslu frumvarps sem forseti hefði lýst sem lög frá Alþingi. Og þar við sat.

Aldrei varð því ljóst hver vilji meiri hluti þingmanna var í þessu máli, en sameinað þing hefði átt um það að fjalla. Því telja flutningsmenn ástæðu til að fá nú úr því skorið.

Önnur rök eru þó mikilvægari fyrir flutningi frumvarpsins, en það eru réttindi þeirra sem vistaðir eru í sjúkrahúsi gegn vilja sínum eða sviptir sjálfræði, fjárræði eða lögræði. Þau réttindi hafa engan veginn verið tryggð, og einkum hefur orðið misbrestur á að sviptingu væri aflétt eftir að lækningu var lokið og hagur hins svipta á þann veg að ekki var ástæða til sviptingar lengur. Hafa orðið um slík tilvik blaðaskrif sem engan mann láta ósnortinn.

Svipting mannréttinda er erfið ákvörðun, ekki síst fyrir aðstandendur sem oft verða að óska hennar. Og það er mikil ábyrgð lögð á herðar einum manni, í þessu tilviki trúnaðarlækni dómsmálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður og varla unnt að fela honum að fylgjast með hvernig lækningu allra þeirra, sem sviptir eru þessum réttindum, reidið af. Fyrir hefur komið að þeir, sem engan eiga að til að fylgjast með þróun mála og lækningu, hafa lifað án mannréttinda áratugum saman vegna þess að aldrei var gengið frá því að aflétta sviptingu.

Mál sem þessi eru svo viðkvæm hverri manneskju að tryggja verður að hvert einasta mál fái viðunandi afgreiðslu og málalok sem hinum svipta eru fyrir bestu. Og aldrei má til þess koma að unnt sé að beita sviptingu mannréttinda nokkurrar manneskju í þágu annarra en hins svipta. Flutningsmenn telja að breytingartillögur nefndar þeirrar, sem gert hefur tillögur til úrbóta í geðheilbrigðismálum, séu tryggari en þau ákvæði sem nú eru í lögræðislögum og því nauðsynlegt að færa þau til betri vegar.

Geta má þess að enginn hefur verið fastráðinn til að gegna stöðu trúnaðarlæknis dómsmálaráðuneytisins þó að rúmt ár sé liðið frá setningu lögræðislaga. Því starfi hefur verið sinnt sem aukastarfi. Flutningsmenn telja að þetta ástand sé með öllu óviðunandi og engin von til þess að með málum sé fylgst eins og rétt og skylt væri.“

Og nú, tveim árum eftir setningu laganna, hefur enn ekki verið fastráðinn trúnaðarlæknir í dómsmálaráðuneytinu. Staðreyndin er sú að enginn aðili annast það eftirlit sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og ráðuneytið leitar sjaldnast til þess læknis sem sinnir trúnaðarlæknisstarfinu nú í hlutastarfi þó að æ fleiri sviptingar berist. Flutningsmenn telja að óviðunandi sé að svo alvarlegum málum, sem mannréttindasvipting er, sé ekki betur sinnt en raun er á. Því er frumvarp þetta nú flutt að nýju.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Lagt er til að trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins, sbr. 2. gr., fjalli reglubundið um málefni allra þeirra einstaklinga sem sviptir hafa verið sjálfræði, fjárræði eða lögræði eða verið vistaðir gegn vilja sínum í sjúkrahúsi og skuli nefndin sjá til þess að sjúklingur fái mannréttindi sín aftur svo fljótt sem aðstæður leyfa.

Við 2. gr.

Lagt er til að í stað embættis trúnaðarlæknis við dómsmálaráðuneytið komi trúnaðarnefnd er starfi á þess vegum. Nefndina skipi lögmaður, og sé hann formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt sé trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi samtaka um málefni geðsjúkra sem ráðuneytið skipar samkvæmt tilnefningu. Eðlilegt verður að telja að nefndarmenn taki föst laun fyrir störf sín.

Við 3. og 4. gr.

Parfnast ekki skýringar.